



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 9/2017

**Markaðssetning Stjörnuljós ehf. á flugeldum á vefsíðunum
flugeldakaup.is, flugeldasala.is og stjornuljos.is**

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi og tölvubréfi Neytendastofu, dags. 20. desember 2016, til Stjörnuljós ehf., óskaði Neytendastofa eftir athugasemdum og skýringum fyrirtækisins vegna markaðssetningar skotelda og upplýsinga á vefsíðunni flugeldakaup.is

Í bréfinu kom fram að stofnunin hafi gert könnun á markaðssetningu á skoteldamarkaðnum og hafi auk þess borist ábendingar vegna fyrra verðs á tilboðsvörum á vefsíðunni flugeldakaup.is. Af því tilefni væri athygli Stjörnuljós vakin á ákvæðum 5. gr., 8. gr., 9. gr., 11. gr., 17. gr. og 18. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk ákvæða 3. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölu og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

Athygli Stjörnuljós var jafnframt vakin á því að samkvæmt 1. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa krafist þá sem lögin taka til um allar upplýsingar og gögn sem nauðsynleg þykja við athugun einstakra mála. Upplýsinga sé hægt að krefjast munnlega eða skriflega og skuli þær gefnar innan hæfilegs frests sem stofnunin setur.

Neytendastofa fór fram á að Stjörnuljós færði sönnur á að tiltekna tilboðsvörur á vefsíðunni flugeldakaup.is hefðu verið seldar á tilgreindu fyrra verði áður en til afsláttar kom. Sérstaklega var vísað til þess að sölutímabil skotelda væri ekki hafið, sbr. 24. gr. reglugerðar nr. 952/2003, um skotelda. Um var að ræða eftirfarandi vörur með þar tilgreindum lýsingum:

Stóri Tertupakkinn : Verð áður 45.700 kr. Verð nú 31.900 kr.

Rakettupakkinn: Verð áður 10.900 kr. Verð nú 7.600 kr.

Bárðarbunga: Verð áður 29.900 kr. Verð nú 19.900 kr.



Með bréfi og tölvubréfi Neytendastofu, dags. 22. desember 2016, til Stjórnuljóss, vegna vefsíðanna flugeldakaup.is, flugeldasala.is og stjornuljos.is var athygli Stjórnuljóss jafnframt vakin á því að Neytendastofa teldi að upplýsingaskortur á vefsíðunum, kynni að vera í andstöðu við nánar tilgreind ákvæði reglugerðar nr. 952/2003 um skotelda, sbr. ákvæði vopnalaga nr. 16/1998, laga um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu nr. 30/2002 og laga um neytendasamninga nr. 16/2016. Óskaði Neytendastofa eftir því að stofnuninni yrðu veittar upplýsingar um hvernig staðið yrði að úrbótum á vefsíðunum og á grundvelli hvaða leyfis sala skotelda væri starfrækt.

2.

Engin svör bárust Neytendastofu innan tilskilins frests. Með bréfi Neytendastofu, dags. 10. janúar 2017 voru erindi Neytendastofu ítrekuð og frestur veittur til 18. janúar 2017 til þess að koma að skýringum eða athugasemdum. Engin svör bárust Neytendastofu innan tilskilins frests.

II.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu kemur til álita markaðssetning Stjórnuljóss ehf. á skoteldum á vefsíðu félagsins flugeldakaup.is. Vörur félagsins voru kynntar líkt og um lækkað verð á vöru væri að ræða og vörurnar kynntar undir formerkjum afsláttar frá fyrra verði.

Í málinu kemur einnig til álita upplýsingagjöf Stjórnuljóss á vefsíðunum flugeldakaup.is, flugeldasala.is og stjornuljos.is samkvæmt ákvæðum laga nr. 16/2016 um neytendasamninga og reglugerðar nr. 952/2003 um skotelda, sbr. ákvæði laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og ákvæði vopnalaga nr. 16/1998.

Undir rekstri málsins var upplýsingagjöf á vefsíðunum flugeldakaup.is, flugeldasala.is og stjornuljos.is komið í löglegt horf, sbr. ákvæði 6. gr. laga nr. 30/2002 um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu. Kemur sá þáttur málsins því ekki til frekari skoðunar í ákvörðun þessari.

2.

Ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005 leggur almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 8. gr. í IV. kafla laganna er svohljóðandi:



„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.

Í 1. mgr. 9. gr. laganna, sem er í III. kafla þeirra, er um það fjallað að viðskiptahættir séu villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur eða eru með þeim hætti að neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.-g. liðum 1. mgr. 9. gr. eru tilgreindar þær upplýsingar sem ákvæðið tekur til og segir þar í d. lið að átt sé við rangar upplýsingar um:

„verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértíloboð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum“

Ákvæði 11. gr. laganna, sem er í III. kafla þeirra, er svohljóðandi:

„Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var.“

Í 1. mgr. 16. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu segir:

„Nú er vara, þjónusta eða annað það sem í té er látið og lög þessi taka til þannig úr garði gert að leiðbeininga er þörf við mat á eiginleikum þess, t.d. notagildi og endingu, svo og meðferð og hættu sem af vöru eða öðru getur stafað, og ber þá að veita fullnægjandi skriflegar leiðbeiningar þegar tilboð er gefið, samningur gerður eða eftir atvikum við afhendingu.“

Með heimild í 17. og 18. gr. laga nr. 57/2005 hefur Neytendastofa sett reglur nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Þar segir í 3. gr.:

„Þegar auglýst er lækkað verð á vöru eða þjónustu skal fyrra verð vera það verð sem varan var seld á áður en til lækkunar kom.

Seljandi skal geta sannað að vara eða þjónusta hafi verið seld á því verði sem tilgreint er sem fyrra verð.“

Lög nr. 16/2016 gilda um samninga á sölu á vöru og þjónustu til neytenda þegar seljandi hefur atvinnu af því að selja vörur eða veita þjónustu. Í lögnum er annars vegar fjallað um upplýsingagjöf til neytenda vegna annarra samninga en samninga utan fastrar starfsstöðvar og fjarsölusamninga en hins vegar er fjallað um réttindi neytenda sem og upplýsingaskyldu vegna samninga utan fastrar starfsstöðvar og fjarsölusamninga.



Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. á neytandi rétt á upplýsingum innan hæfilegs frests áður en samningur utan fastrar starfsstöðvar eða fjarsölusamningur er gerður um þau atriði sem tiltekin eru í staflíðum a-s.

Í 4. gr. reglugerðar nr. 952/2003 um skotelda sem sett er með heimild í vopnalögum nr. 16/1998 segir:

„Skoteldar skulu vera með álímdum eða áprentuðum leiðbeiningum á íslensku þar sem fram kemur stutt lýsing á eiginleikum þeirra og hvernig beri að nota þá þannig að sem minnst hættu staft af. Heimilt er að víkja frá þessari reglu þegar um smáa og hættulitla skotelda er að ræða, enda séu þeir seldir nokkrir saman í merktri pakkningu.

Innlendum framleiðendum og innflytjendum er skylt að útbúa, til dreifingar á sölustöðum, almennar leiðbeiningar um notkun skotelda og til hvaða varúðarráðstafana skuli grípa ef skoteldur reynist gallaður eða springur ekki eftir tendrun.“

3.

Á vefsíðu Stjörnuljóss, flugeldakaup.is var fjöldi vara kynntur með afsláttarverði. Í máli þessu er um að ræða úrtak þriggja vörutegunda sem kynntar voru á lækkuðu verði á vefsíðunni og Neytendastofa fór fram á að færðar væru sönnur á að hafi verið seldar á tilgreindu fyrra verði: Stóri Tertupakkinn, Rakettupakkinn og Bárðarbunga.

Fyrirtæki verða að geta sannað að allar vörur sem eru á lækkuðu verði hafi verið seldar á því verði sem tilgreint er sem fyrra verð. Stjörnuljós hefur ekki lagt fram gögn til staðfestingar því að umræddar vörur í úrtaki Neytendastofu hafi sannanlega verið seldar á tilgreindu fyrra verði. Þar sem Stjörnuljós hefur ekki veitt stofnuninni upplýsingar innan tilskilins frests telur Neytendastofa að Stjörnuljós hafi ekki sannað að að vörurnar hafi verið seldar á tilgreindu fyrra verði né að þær hafi verið boðnar til sölu á því verði áður en þær voru auglýstar á tilboði. Af hálfu Stjörnuljóss hafa því ekki verið færðar sönnur á að um raunverulega verðlækkun sé að ræða.

Viðskiptahættirnir eru að mati Neytendastofu líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun þess hóps neytenda sem markaðssetningin beinist að. Verður að telja að tilgangur viðskiptaháttanna sé að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti á grundvelli rangrar upplýsingagjafar um verð og verðhagræði tilboðsins.

Með vísan til alls ofangreinds telur Neytendastofa að Stjörnuljós hafi brotið gegn 5. gr., sbr. 1. mgr. 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk 3. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölu og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði, með því að auglýsa vörurnar á lækkuðu verði.



4.

Að því er varðar upplýsingagjöf um skotelda á vefsíðum Stjórnuljóss, flugeldakaup.is, flugeldasala.is og stjornuljos.is, með tilliti til ákvæða reglugerðar nr. 952/2003 um skotelda og ákvæði 1. mgr. 16. gr. laga nr. 57/2005, þá telur Neytendastofa að leggja beri eftirfarandi til grundvallar.

Að mati Neytendastofu felur kynning á vöru í vefverslun í sér tilboð til kaupanda. Neytendastofa telur að vefverslun sé sölustaður vöru í ofangreindum skilningi. Þá er ljóst að neytendur geta ekki skoðað merkingar á skoteldum þegar þeir eru keyptir í fjarsölu.

Í ljósi ofangreindra ákvæða 4. gr. reglugerðar nr. 952/2003 og 1. mgr. 16. gr. laga nr. 57/2005 sem og í ljósi þeirrar hættu sem fylgt getur meðförum skotelda og til þess að neytendur geti tekið upplýstar ákvarðanir við kaup á skoteldum telur Neytendastofa að söluaðilum beri að hafa merkingar þeirra skotelda sem boðnir eru til sölu í vefverslunum sýnilegar í vefverslun undir hverjum vörulið. Með því að hafa slíkar merkingar ekki sýnilegar á vefsíðu telur Neytendastofa að Stjórnuljós ehf. brjóti gegn ofangreindum ákvæðum laga.

5.

Að því er varðar upplýsingagjöf fyrir sammingsgerð samkvæmt ákvæði 5. gr. laga nr. 16/2016 þá er til þess að líta að á vefsíðu Stjórnuljóss, flugeldasala.is var ekki að finna upplýsingar í samræmi við g., h., i., j. og k. lið 1. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 16/2016 um neytendasamninga.

Að því er varðar vefsíðu Stjórnuljóss, stjornuljos.is þá var ekki að finna skilmála af neinu tagi um kaup á vefsíðunni. Ljóst er þó að undir hverjum vörulið voru gefnar upplýsingar um einstakar vörur, sbr. a. lið 1. mgr. 5. gr. laga nr. 16/2016. Þá voru upplýsingar gefnar um nafn og heimilisfang seljanda, sbr. b. og c. lið 1. mgr. 5. gr. laga nr. 16/2016. Aðrar upplýsingar, sbr. d., f., g., h., i., j. og k. liði 1. mgr. 5. gr. laga nr. 16/2016 var ekki að finna á vefsíðunni.

Að því er varðar vefsíðu Stjórnuljóss, flugeldakaup.is þá var ekki að finna þar upplýsingar samkvæmt g., h., i., j. og k. liðum 1. mgr. 5. gr. laga nr. 16/2016.

Ljóst er því að upplýsingum á vefsíðunum hefur ekki verið komið í lögmett horf í samræmi við ákvæði ofangreindra laga. Hefur Stjórnuljós því brotið gegn ákvæðum 1. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 16/2016 með ófullnægjandi upplýsingagjöf.

6.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, telur Neytendastofa tilefni til þess að beita banni og fyrirmælum til þess að koma markaðssetningu Stjórnuljóss á skoteldum í lögmett horf.



III.

Ákvörðunarorð:

„Stjörnuljós ehf., Auðbrekku 17, 200 Kópavogi, rekstraraðili vefsíðunnar flugeldakaup.is hefur með kynningu um lækkað verð á vörunum Stóri Tertupakkinn, Rakettupakkinn og Bárðarbunga, án þess að hafa sýnt fram á að um raunverulega verðlækkun hafi verið að ræða, brotið gegn ákvæðum 5. gr., 1. mgr. 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og 3. gr. reglna nr. 366/2008, um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Stjörnuljós ehf. bannað að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi við móttöku ákvörðunarinnar.

Stjörnuljós ehf., hefur með því að veita neytendum ekki fullnægjandi upplýsingar um merkingar skotelda á vefsíðunum flugeldakaup.is, flugeldasala.is og stjornuljos.is, brotið gegn 1. mgr. 16. gr. laga nr. 57/2005, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 952/2003.

Stjörnuljós ehf., hefur með því að veita neytendum ekki fullnægjandi upplýsingar fyrir gerð fjarsölusamnings á vefsíðunum flugeldakaup.is, flugeldasala.is og stjornuljos.is brotið gegn 1. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 57/2005.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er þeim fyrirmælum beint til Stjörnuljóss ehf. að koma upplýsingum á vefsíðum sem fyrirtækið notar til þess að selja skotelda í lögmætt horf, sbr. kröfur 1. og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 16/2016 og 1. mgr. 16. gr. laga nr. 57/2005, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 952/2003.

Verði ekki farið að fyrirmælunum og banninu eða sýnt fram á að um raunverulega verðlækkun hafi verið að ræða má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.“

Neytendastofa, 28. mars 2017

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir